

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 184/1996.

Halldór Bjarnason

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.,

Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Jakob R. Möller hrl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Slysátrygging ökumanns. Örorka. Lækna-
ráð. Matsgerðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1996. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér vátryggingarbætur, að fjárhæð 2.334.920 krónur, með tilteknum ársvöxtum frá 1. mars 1989 til 13. mars 1992 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.824.417 krónum, sem stefndi hafi þegar greitt sér í fernu lagi með 25.000 krónum 7. maí 1990, 100.000 krónum 29. maí 1991, 1.658.382 krónum 18. júní 1996 og 41.035 krónum 20. nóvember sama ár. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara lækkunar á bótakröfu stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er yfirmatsgerð lækna Ísaks G. Hallgrímssonar, Sigurðar Thorlacius og Sigurjóns Sigurðssonar frá 24. júlí 1996 um tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda, enn fremur bókun frá fundi réttarmála-deildar lækna ráðs 14. júlí 1995, þar sem fjallað var um álit Halldórs Jónssonar lækni á sama efni.

I.

Mál þetta er risið af slysi, sem áfrýjandi varð fyrir 28. febrúar 1989 við stjórn jeppabifreiðarinnar V-1785, þegar hún rásaði út af

vegi við flugvöllinn í Vestmannaeyjum í hálku og vindi og valt á hægri hlið. Var hann einn á ferð og kveðst hafa kastast til við veltuna og fallið niður undir gólf við hægra framsæti. Hann taldi sig í fyrstu ekki hafa slasast, en þurfti að leita læknis síðar um daginn og var lagður inn á sjúkrahús tíu dögum síðar. Einkenni hans þá voru verkir frá mjóbaki, sem leiddi niður í hægri fót. Hann fékk fljótlega nokkurn bata og tók aftur upp störf rúmum mánuði eftir slysið, en var undir eftirliti heilsugæslulækna. Í apríl 1990 versnaði honum mjög, og varð hann óvinnufær um þriggja mánaða skeið. Um var að ræða sams konar bakverki, en þá leiddi nú niður í vinstri fót. Hafa þau einkenni hrjáð hann síðan.

Ágreiningslaust er í málinu, að áfrýjandi eigi rétt á bótum frá stefnda sem váttryggjanda bifreiðarinnar úr slysatryggingu öku-manns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hins vegar hefur frá öndverðu verið um það deilt, hvaða bætur eigi við. Er það einkum vegna þess, að hann var frá ungum aldri haldinn veilu í baki, sem fólgin var í rofi á hryggjarboga við 5. lendhryggjarlið og skriði á þeim liðbol miðað við 1. spjaldhryggjarlið, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Telur stefndi þá starfsorkuskerðingu, sem áfrýjandi kveðst búa við, að mestu verða rakta til þessarar veilu, en ekki til slyssins nema að litlu leyti.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu og unir niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Hefur hann þegar innt af hendi þá bótafjárhæð, sem tiltekin var í dómsorði, ásamt vöxtum eftir túlkun áfrýjanda á dómsorðinu með greiðslum 18. júní og 20. nóvember 1996.

Eftir áfrýjun málsins hefur áfrýjandi fallist á niðurstöður héraðsdóms um bætur fyrir tímabundna örorku og fjárhæð miskabóta. Lýtur ágreiningur aðila nú eingöngu að varanlegri örorku áfrýjanda af völdum slyssins og ákvörðun bóta hennar vegna auk ákvörðunar á vöxtum af bótakröfu hans.

II.

Kröfu sína um bætur setti áfrýjandi fyrst fram í febrúar 1992. Var hún á því byggð, að varanleg örorka vegna slyssins næmi 25%, eins og örorkumat Stefáns Bogasonar læknis frá 11. desember 1991 benti til. Hélt hann fast við þann grundvöll kröfunnar, meðan málið var fyrir héraðsdómi. Stefndi taldi hins vegar, að læknisfræðileg örorka

næmi 10% eða lægri hundraðshluta, eins og ráða mætti af örorku-mati Atla Þórs Ólasonar lækni frá 10. mars 1992, en skerðing á afla-hæfi væri í raun mun minni. Voru boð stefnda um uppgjör á kröf-unni við þetta miðuð. Eftir höfðun málsins voru þeir Jóhann Tómas-son læknir og Davíð Þór Björgvinsson lögfræðingur dómkvaddir að beiðni stefnda til að meta örorku áfrýjanda. Samkvæmt mats-gerð þeirra 2. október 1993 var varanleg lækisfræðileg örorka vegna slyssins talin 5%. Að tilhlutan áfrýjanda var málið lagt fyrir lækna ráð, er leitaði umsagnar Halldórs Jónssonar lækni sem sér-fræðings utan ráðsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1942 um lækna-ráð. Samkvæmt rökstuddu áliti hans 6. ágúst 1995, sem lækna ráð gerði að sínu, nam varanleg örorka áfrýjanda eftir slysið 10%.

Eftir uppsögu héraðsdóms hlutaðist áfrýjandi til um dómkvaðn-ingu þriggja lækna til að framkvæma yfirmat á örorku sinni. Í fyrr-greindri matsgerð féllust þeir á mat lækna Atla Þórs Ólasonar og Halldórs Jónssonar á varanlegri örorku af völdum slyssins, þ. e., að hún væri hæfilega metin 10%. Voru þeir jafnframt ósamþykkir forsendum og niðurstöðu þeirra matsmanna, sem dómkvaddir voru í héraði.

Með hliðsjón af þessari yfirmatsgerð hefur áfrýjandi nú breytt kröfugerð sinni í málinu. Er fyrrgreind bótakrafa hans við það mið-uð, að varanleg lækisfræðileg örorka sín eigi að teljast 10 af hundr-aði.

III.

Af hálfu lögmanns stefnda hefur því verið lýst, að yfirmat sumar-ið 1996 hafi farið fram, án þess að sér eða umbjóðanda sínum væri gefinn kostur á að tjá sig um matsefnið. Verði að ætla, að lögmelt boðun til matsins, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hafi farist fyrir af hálfu matsmanna. Í bréfi þeirra 18. mars 1997 er sú skýring gefin, að lögmenn aðila hafi verið boðaðir til matsfundar, er haldinn hafi verið 22. júlí 1996, með símtali til skrifstofu hvors um sig 17. sama mánaðar. Matsmönum bar að ganga úr skugga um, hvort boðun hefði tekist, þegar fundurinn var ekki sóttur af hálfu stefnda. Verður að telja ósannað, að hún hafi fullnægt ákvæðum fyrrnefndrar lagagreinar. Samkvæmt því er fallist á það með stefnda, að ekki sé unnt að taka tillit til umræddrar yfir-

matsgerðar við úrlausn málsins. Verður hún byggð á þeim gögnum, sem fram komu í héraði.

Pótt kalla megi, að slys áfrýjanda hafi ekki verið mikils háttar, var það ótvírætt til þess fallið að valda meiðslum á baki hans. Það var og eindregið álit þeirra lækna, sem hann leitaði til næstu tvö ár, að hann hefði þar orðið fyrir áverka, sem verið gæti orsök að ein-kennum hans.

Engir þeir gallar eru á umsögn lækna ráðs í málinu, að efni séu til að draga gildi hennar í efa. Hún er byggð á ýtarlegu álit Halldórs Jónssonar læknis. Að mati hans er það engum vafa undirorpið, að áfrýjandi hafi orðið fyrir hnjaski á hrygg, og á hann þar við tognun á liðbilinu L5-S1 með áverka á hryggþófanum milli þessara liða. Sjúkdómseinkenni áfrýjanda eftir slysið hafi og verið í samræmi við þennan áverka. Sú lækkun á hæð hryggþófans, sem myndir eftir slysið hafi leitt í ljós, sé einnig einkennandi fyrir leyndan áverka, sem orðið hafi við umrædda tognun. Þessi hrörnun hryggþófans sé orsök að því skriði, er fram sé komið milli umræddra hryggjarliða, og sé aukning á skriðinu óbein afleiðing umferðarslyssins. Hafi tognunin orðið alvarlegri og valdið verri og langærri einkennum en ella vegna þeirrar veiklunar, sem áfrýjandi bjó við fyrir slysið.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, er og á því byggt, að ekki verði fram hjá því litið, að einkenni áfrýjanda hafi versnað eftir slysið, og hugsanlega kunni umræddur hryggjarliðspófi að hafa skaðast og af því smám saman hlotist aukið skrið, sem aftur auki slit á liðbrúnum og „facett-liðum“.

Þegar þessar niðurstöður eru virtar ásamt öðrum gögnum málsins og jafnframt tekið tillit til þeirra takmarkana, sem óhjákvæmilega eru á aðstöðu áfrýjanda til að sanna tjón sitt til hlítar, verður að líta svo á, að örorka hans af völdum slyssins sé of varlega áætluð í hinum áfrýjaða dómi. Þykir rétt eftir öllum atvikum að leggja til grundvallar, að læknisfræðileg örorka áfrýjanda sé hæfilega metin 10%.

IV.

Krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um bætur fyrir varanlega starfsorkuskerðingu er reist á líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 31. janúar 1992, þar sem verðmæti vinnutekjutaps eftir útreikningsdag er reiknað með 6% ársvöxtum. Síðari út-

reikningar hans eru gerðir að beiðni stefnda og miðaðir við, að áfrýjandi hafi ekki beðið neitt tjón af varanlegri örorku fram að út-reikningstíma. Telja verður áfrýjanda heimilt að bera kröfuna fram á þeim grundvelli, sem hann byggir á.

Í umræddum líkindareikningi er miðað við vinnutekjur áfrýjanda árin 1986-1988, sem aðallega voru af starfi hans sem bifreiðarstjóri hjá Skeljungi hf. í Vestmannaeyjum. Nam meðaltal árstekna 1.777.700 krónum eftir kauplagi á útreikningsdegi. Áætlað vinnutekjutap á slysdegi í hlutfalli við 10% varanlega örorku reiknaðist 2.357.920 krónur, en tap á lífeyrisréttindum 141.480 krónur.

Um hagi áfrýjanda eftir slysið er það fram komið, að hann hafi haldið fyrrgreindu starfi sínu. Hins vegar hafi meinið aftrað honum frá aukavinnu og öðrum störfum, sem hann hefði ella getað sinnt. Við ákvörðun bóta er rétt að taka nokkurt tillit til þess, að áfrýjandi hefur ekki orðið fyrir teljandi tekjumissi á þeim átta árum, sem liðin eru frá slysinu, en hann var þá 35 ára að aldri. Jafnframt verður tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Að þessu athuguðu þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega metnar 1.500.000 krónur. Krafa áfrýjanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 141.480 krónur, verður tekin til greina. Auk þessa á hann rétt á 125.000 krónum í bætur fyrir tímabundna örorku og 300.000 krónum í miskabætur eftir ákvörðun héraðsdóms, sem nú er óumdeild.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda samtals 2.066.480 krónur með vöxtum, eins og á er kveðið í dómsorði. Er upphafstími dráttarvaxta þar miðaður við þingfestingu málsins í héraði 26. nóvember 1992. Frá greiðslunni ber að draga þær fjárhæðir, sem stefndi hefur þegar innt af hendi, miðað við innborgun hverju sinni.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði áfrýjanda, Halldóri Bjarnasyni, 2.066.480 krónur með ársvöxtum sem nemur 10% frá 1. mars 1989 til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17%

frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár og 1% frá þeim degi til 26. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Frá dragist eftirtaldar innborganir stefnda, miðað við stöðu skuldarinnar á greiðsludegi hverrar um sig: 25.000 krónur 7. maí 1990, 100.000 krónur 29. maí 1991, 1.658.382 krónur 18. júní 1996 og 41.035 krónur 20. nóvember 1996.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i **Garðars Gíslasonar**

Áfrýjandi hafði fengið bakverki um árabíl fyrir umferðarslysið 28. febrúar 1989. Bakverkirnir versnuðu ári eftir slysið. Ágreiningur málsaðila lýtur nú að því einu, hvort og að hvaða leyti áfrýjandi hafi vegna þessa slyss hlotið varanlega örorku vegna bakverkja. Ágreiningur þessi er fyrst og fremst læknisfræðilegur, en sönnunarbyrði hvílir á áfrýjanda. Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður

var sérfróðum meðdómendum, er komist að rökstuddri niðurstöðu um þetta álitamál. Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um, að niðurstaða í Hæstarétti verði ekki reist á yfirmatsgerð þeirri, sem aflað var eftir uppsögu héraðsdóms. Að svo komnu máli tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til röksemda hans.

Hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Halldóri Bjarnasyni, kt. 101253-4069, Bröttugötu 41, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 26. nóvember 1992, gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu 8.310.298 kr. auk vaxta [...], allt að frádregnum 25.000 kr., sem stefnandi fékk greiddar 7. maí 1990, og 100.000 kr., sem stefnandi fékk greiddar 29. maí 1991.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 750.000 kr. með einföldum ársvöxtum af sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 28. febrúar 1989 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

II.

Málavextir eru þeir, að 28. febrúar 1989 missti stefnandi stjórn á bifreiðinni V-1785 í hálfu og vindi á Höfðavegi í Vestmannaeyjum með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór út af veginum og valt á hægri hlið. Síðar um daginn leitaði hann á Heilsugæslustöð Vestmannaeyja vegna verkja í baki, sem leiddi niður í hægri mjöðm og fót. Verkirnir fóru versnandi, og 9. mars 1989 var stefnandi lagður inn á sjúkrahús Vestmannaeyja. Hafði hann þá mikla verki neðst í mjóbaki og leiðniverki út í hægri mjöðm, rasskinn, aftanvert læri og kálfa og fram á rist og í tær ásamt dofatilfinningu í rist og tám. Fékk hann æfingar við bakverkjum og sjúkrahjálfun. Brautskráðist hann af spítalanum 17. mars og var talinn vinnufær 3. apríl 1989. Stefnandi kveðst hafa verið illa haldinn og hafa átt lengi í þessum meiðslum og auk þess seint svarað meðferð. Kveðst hann hafa náð sér þokkalega næstu 6-9 mánuði, en þó hafi hann aldrei verið verkjalaus. Í apríl 1990 versnaði honum aftur með miklum verkjum neðst í mjóbaki og leiðniverk út í vinstri fót,

sem leiddi með dofakennd niður í tær. Var stefnandi frá vinnu í þetta sinn fram til 16. júlí 1990.

Stefnandi var bílstjóri hjá Skeljungu, þegar slysið varð. Hann var 35 ára og hafði í 14 ár þjáðst af bakverkjum og leitað til læknis vegna þeirra fyrir slysið.

Stefnandi leitaði í september 1990 til Þóris Ragnarssonar taugaskurð-læknis, og samkvæmt vottorði hans, dags. 8. mars 1991, kemur fram, að stefnandi hefur fyrirbæri, sem kallast spondylolysis, þ. e. los eða rof á boga á L:V liðbolnum og spondylolisthesis L:V-S:I eða skrið á L:V liðbol miðað við S:I liðbol, u. þ. b. 1 cm. Þetta kveður læk'nirinn vera fyrirbæri, sem vel sé þekkt að því að geta bæði verið meðfæddur galli og einnig að því að vera afleiðingar eftir slit. Ekki kvaðst læk'nirinn hafa tók á að kveða úr um, hvort um væri að ræða meðfæddan galla eða afleiðingar slyss í tilviki stefnanda. Hann taldi hins vegar ljóst, að við slysið hefðu a. m. k. ýfst upp einkenni frá mjóbaki samkvæmt eigin frásögn hans og að þau einkenni, sem hann hefði átt við að stríða síðan, megi beinlínis rekja til slyssins. Kvað hann einkenni stefnanda benda ákveðið til taugarótarertingar á L:V taugarót í mjóbaki, í fyrstu hægra megin, en síðar vinstra megin.

Með örorkumati, dagsettu 11. desember 1991, mat Stefán Bogason læk'nir tímabundna örorku frá slysdegi í fjóra mánuði 100%, eftir það í tvo mánuði 50% og varanlega örorku 25%. Samkvæmt matinu kemur fram, að stefnandi hafi leitað lækninga fyrir slys vegna mjóbaksverkjakasta, sem aldrei hafi leitt niður í fætur. Þeir verkir hafi lagast fljótlega og verið allt öðruvísi en eftir slys. Þá leggur hann til grundvallar mati sínu, að stefnandi sé með hryggjarliðarrof, sem svari 1 cm. Telur hann líklegast, að það sé meðfætt og kunni að hafa átt þátt í mjóbaksverkjaköstum stefnanda fyrir slys. Hins vegar telur hann það líklegt, að hryggjarliðarskriðið, sem valdi þrýstingi á taugarætur niður í fætur, sé afleiðing slyssins og að einkenni, sem stafi af því með ertingu á taugarætur niður í fætur, stafi af þessu bílslysi að teknu tilliti til þess, að hryggjarliðarrofið hafi verið byrjað fyrir slys. Læk'nirinn hafði til hliðsjónar mati sínu álitsgerð trúnaðarlæknis stefnanda um ástand hans, dags. 10. maí 1991. Stefán Bogason kom fyrir dóminn og staðfesti örorkumat sitt og útskýrði.

Í framhaldi örorkumatsins var stefndi krafinn um bætur, sem reistar voru á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dagsettum 13. febrúar 1992. Stefndi kveður stefnda hafa krafist þess, að hann færi í skoðun hjá trúnaðarlækni sínum, og fór sú skoðun fram 10. mars 1992 hjá Atla Þór Ólasyni. Í niðurstöðum hans greinir, að við mat á varanlegri örorku stefnanda þurfi að útiloka og draga frá þá hugsanlegu örorku, sem um hafi verið að ræða á

slysdegi. Til viðbótar henni megi líta svo á, að stefnandi hafi fengið væga tognun í bak, sem ýft hafi upp óþægindi í bakinu. Varanleg örorka miðist því við tognun í baki, þar sem aðalþægindi séu þó rakin til hryggbolsrofsins. Metur hann varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 28. febrúar 1989 10%. Tímabundna örorku metur hann frá slysdegi 100% í fjóra mánuði og 50% eftir það í tvo mánuði.

Stefnandi mótmælti framangreindri niðurstöðu og ítrekaði kröfu um uppgjör á grundvelli fyrri gagna. Stefndi var ekki tilbúinn að verða við kröfum stefnanda á grundvelli örorkumats Stefáns Bogasonar og líkindareiknings Jóns Erlings, en gat fallist á með hliðsjón af örorkumati Atla Þórs Ólasonar að greiða stefnanda 450.000 kr. auk sannanlegs tímabundins vinnutekjutaps, en stefnandi hafi átt rétt til slysakaups frá vinnuveitanda, bóta frá Tryggingastofnun ríkisins auk bóta úr atvinnuslysatryggingu og stefndi hafði greitt upp í tjónið 125.000 kr. Stefndi hefur nú breytt kröfugerð sinni frá því, sem upphaflega var boðið, og hefur boðist til að greiða 750.000 kr. með vöxtum og kostnaði, eins og nánar greinir frá síðar.

Undir rekstri málsins voru að beiðni stefnda dómkvaddir matsmenn til að skoða og meta heilsufarsástand stefnanda og láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort fallast megi á örorkumat annars hvors þeirra Stefáns Bogasonar eða Atla Þórs Ólasonar út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver sé hæfilega metin tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins.

2. Hvort stefnandi hafi af völdum slyssins 28. febrúar 1989 orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hann starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka stefnanda.

3. Ef talið verði, að stefnandi hafi eða muni hljóta tímabundna örorku af völdum slyssins, óskist hún metin í hundraðshlutum.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Jóhanns Tómassonar lækni og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dósentis við lagadeild Háskóla Íslands, er dagsett 2. október 1993, og var hún lögð fram á dómþingi 25. maí 1994. Jóhann kom fyrir dóminn 2. febrúar 1995, staðfesti þar matsgerðina og útskýrði hana nánar.

Í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna um varanlega læknisfræðilega örorku segir, að til skoðunar sé, hvort slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir í febrúar 1989, eigi þátt í hryggjarliðarskriðinu. Sé það almennt læknisfræðilegt viðhorf, að skriðs af þessu tagi sé sjaldnast að rekja til ein-

stakra atvika, heldur aukist það smátt og smátt með tímanum vegna slitbreytinga, ef það fari af stað á annað borð. Síðan segir, að þrátt fyrir þetta almenna viðhorf verði þó aldrei með öllu þvertekið fyrir, að slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir, eigi hér einhvern hlut að máli. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið slæmur í baki í apríl og nóvember 1987 rétt eins og eftir slysið 1989. Einkennin frá 1990 og raunar núverandi einkenni séu hins vegar vinstra megin. Enn fremur er bent á, að röntgenmyndir og tölvusneiðmyndir í október 1990 sýni umtalsverðar reaktívar slitbreytingar og séu að mati Kristjáns Róbertssonar og matsmannsins Jóhanns Tómassonar ekki nýlega til komnar. Að lokum vísa matsmenn til sjúkraskrár sjúkrahússins í Vestmannaeyjum, þar sem talið var, að slysið hefði verið minni háttar samkvæmt eigin frásögn stefnanda. Niðurstaða matsmanna er samkvæmt þessu sú, að þáttur slyssins í febrúar 1989 í bakóþægindum stefnanda sé lítill. Telja matsmenn læknisfræðilega örorku stefnanda hæfilega metna 5%.

Um fjárhagslega örorku stefnanda af völdum slyssins telja matsmenn, að hún sé óveruleg. Telja þeir líklegast, að raunveruleg tekjuskurðing af völdum slyssins 28. febrúar 1989 vegna minnkandi möguleika hans til að hverfa til starfa í sínu fagi verði ekki mikil. Telja þeir, að miða eigi við, að hún geti numið 0-8% eða að meðaltali 4%.

Það er niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að tímabundin örorka stefnanda sé 100% í fimm vikur og 50% í tvo mánuði.

Með úrskurði dómsins 2. júní 1994 var leitað umsagnar lækna ráðs. Það varð niðurstaða lækna ráðs, að spurningum dómarsins, eins og þær væru fram settar, gæti lækna ráð ekki svarað. Með úrskurði dómsins 2. febrúar 1995 var að nýju leitað umsagnar lækna ráðs. Fékk ráðið Halldór Jónsson lækni til að gefa sérfræðialit vegna þessa máls, og er álit hans dags. 6. ágúst 1995.

Í niðurstöðu Halldórs segir, að hann telji, að umferðaróhappið 28. febrúar 1989 hafi valdið tognun og leyndum hryggþófaáverka í mjóbaki stefnanda, sem fyrir hafi verið veiklað vegna bæði slits og rofs á aftari milli-liðatengingu L5. Afleiðing þessa sé þau óþægindi, sem hann líði enn af, þar sem sú versnun, sem hafi orðið á bakeinkennum hans, sé í beinu samræmi við aukið slit í neðstu smáliðunum, sérstaklega L5-S1 hryggþófanum með eftirfylgjandi skriðaukningu á L5 fram á við.

Jafnframt segir hann, að þar sem bakið hafi verið veiklað fyrir áverkann, hafi tognunin orðið alvarlegri og valdið verri og þrálátari einkennum en ella. Hann segir jafnframt vel geta verið, að stefnandi hefði fengið öll þau einkenni, sem hann hafi nú, enda þótt umrætt slys hefði ekki komið til. Um þetta verði hins vegar aldrei unnt að ganga úr skugga og því ósannanlegt. Hann telur, að örorka stefnanda eftir fyrrgreint umferðaróhapp sé 10% og að

henni verði ekki skipt á neinn hátt milli þess ástands, sem hafi verið í baki stefnanda fyrir umferðaróhappið, og þess áverka, sem hann hafi hlotið við það.

Halldór fellst hvorki á örorkumat Stefáns Bogasonar né matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslur stefnandi, Halldór Bjarnason, og vitnin Stefán Bogason læknir og Jóhann Tómasson læknir.

III.

Af hálfu stefnanda er til þess vísað, að bifreið sú, er stefnandi ók, hafi verið tryggð lögboðinni öðrumannstryggingu hjá stefnda. Beri stefnda því að greiða stefnanda það tjón, er hann hafi orðið fyrir vegna slyssins, í samræmi við ákvæði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt örorkumati Stefáns Bogasonar sé stefnandi metinn með 25% varanlega örorku. Í matinu sé tekið tillit til þess, að stefnandi hafi verið með hryggjarliðarrof í neðsta mjóhryggjarlið. Telji læknirinn, að liðrofið sé meðfæddur galli, sem kunni að hafa átt þátt í fyrri mjóbaksverkjaköstum stefnanda. Hins vegar telur hann líklegast, að liðskriðið, sem valdi þrýstingi á taugarætur niður í fætur, hafi orðið af slysinu og að erting á taugarætur niður í fætur sé afleiðing bílslyssins, enda sé það haft í huga, að stefnandi hafi verið með hryggjarliðarrof fyrir slysið. Því meti læknirinn stefnanda með 25% varanlega örorku af völdum slyssins frá 28. febrúar 1989.

Stefnandi hefur mótmælt því, að álitsgerð Atla Þórs Ólasonar verði lögð til grundvallar, þar sem hún sé bæði ófullkomin og ónákvæm, þótt ýtarleg sé. Þar sé allri athygli beint að liðrofinu, en á engan hátt tekið á liðskriðinu sem afleiðingu slyssins frá 28. febrúar 1989. Mótmælir stefnandi matinu frá 10. mars 1992 í heild sinni sem röngu. Þetta telur stefnandi leiða til þess, að ógerlegt sé að leggja umrætt mat til grundvallar í máli þessu, en treysta eigi að fullu mati aðstoðartryggingayfirlæknis, Stefáns Bogasonar, og vísar þar um til 3. tl. 60. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi lítur svo á, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hnekki ekki örorkumati Stefáns Bogasonar frekar en aðrar matsgerðir, sem lagðar hafa verið fram í málinu.

Bótakröfu sína kveðst stefnandi miða við örorkutjónsútreikninga tryggingafræðings, sem reist sé á örorkumati tryggingalæknis.

Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á 264. gr. hgl. nr. 19/1940, sbr. 92. gr. umfl.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Framtíðarávöxtun	6%	4,5%
Tímabundin örorka	622.300	622.300
Varanleg örorka	5.894.800	6.828.300

Töpuð lífeyrisréttindi	353.700	409.698
Miski	450.000	450.000
Samtals	7.320.800	8.310.298

Kröfu sína kveður stefnandi studda útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 31. janúar 1992 og 14. desember 1995.

Hvað snerti kröfu um miskabætur, kveðst stefnandi vera lærður vélvirki, en hafi ekki starfað sem slíkur, þegar slysið varð. Engu að síður sé ljóst, að stefnandi muni ekki vegna slyssins geta tekið upp störf sem vélvirki og því gerð krafa um miskabætur, að fjárhæð 450.000 kr. Samtals sé því endanleg stefnukrafa 8.310.298 kr. auk vaxta og kostnaðar, allt að frádregnum 125.000 kr., sem stefndi greiddi inn á kröfuna. Stefnandi krefst þess, að innborgunin verði dregin frá kröfu vegna tímabundinnar örorku. Við ákvörðun hagræðis af eingreiðslu bóta og skattalegs hagræðis krefst stefnandi þess, að hliðsjón verði höfð af breyttri stefnu Hæstaréttar varðandi framtidarávöxtun bótakrafna, að miða skuli við 4,5% í stað 6%.

IV.

Sýknukrafa stefnda gegn greiðslu á 750.000 kr. auk vaxta og kostnaðar er á því reist, að með þeirri fjárhæð sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt og ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni. Stefndi byggir breytta kröfugerð sína á niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um 5% varanlega örorku og útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dagsettum 14. desember 1995. Samkvæmt því sé höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 1.261.800 kr., töpuð lífeyrisréttindi 75.700 kr., og 4/5 af því séu 1.070.000 kr. Til frádráttar komi vegna skattfrelsis og af öðrum ástæðum 38% eða 406.600 kr. og miski 83.500 kr.

Stefndi kveður ósannað, að stefnandi hafi raunverulega orðið fyrir missi vinnutekna þann tíma, sem hann hafi verið frá vinnu fyrst eftir slys, en samkvæmt lögum og kjarasamningi eigi hann rétt á launum í slysaförföllum. Þá eigi hann rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins og úr samningsbundinni atvinnuslysatryggingu launþega. Bættist tímabundið örorkutjón ekki, nema um raunverulegt vinnutekjutap sé að ræða.

Stefndi kveður örorkumat Stefáns Bogasonar læknis ekki standast, og sé mati hans sérstaklega mótmælt sem röngu. Reisi læknirinn mat sitt á því, að hryggjarliðarskrið með þrýstingi á taugarætur niður í fætur sé afleiðing bólslyssins og hafi valdið 25% varanlegri örorku. Hins vegar sýni röntgenmyndir, að liðskriðið sé gamalt, og tölvusneiðmyndir sýni jafnframt, að ekki hafi verið um þrýsting eða áverka á taugar að ræða. Liggi fyrir, að stefnandi hafi meðfætt hryggjarliðarrof á V. hryggjarliðarboga, en eðli sjúk-

dómsins sé einmitt hryggjarliðarskrið. Hafi röntgenmyndir 1975 og 1983 sýnt, að liðskriðið var þá tæpur hálfur cm, en röntgenmyndir í október 1990, að skriðið var orðið um einn cm og að ekki væri um nýtilkomnar breytingar að ræða. Örorkumat Stefáns sé því bersýnilega rangt, og verði ekki á því byggt. Sé mat Stefáns ekki heldur gert af honum sem lækni Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. tl. 60. gr. laga nr. 91/1991, eins og stefnandi virðist ætla, heldur sem einkaaðila. Sé ósannað, að afleiðingar slyssins séu annað og meira en baktognun, og geti örorka stefnanda aldrei orðið meiri en 10% af völdum slyssins. Gæti örorka allt eins verið minni, enda bakóþægindi stefnanda einkum af völdum hins meðfædda sjúkdóms, sem Atli Þór Ólason læknir hafi metið til allt að 25% varanlegrar örorku. Stefnandi þurfi að sanna orsakasamband milli tjónsatburðar og tjóns, en það hafi honum ekki tekist.

Stefndi telur, að eina gagnið, sem hafi fullt sönnunargildi, sé matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna vegna þeirrar lögbundnu málsmeðferðar, sem matsmál sæta. Slíkri matsgerð verði ekki hnekktt nema með yfirmati. Annars mats sé aflað einhliða, og rýri það sönnunargildi þess. Um álit læknaáðs telur stefndi, að þar sem matsmönnum hafi ekki verið gefinn kostur á að rökstyðja mat sitt, áður en álit var látið í té, hnekki það álit ekki matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Jafnframt bendir stefndi á, að niðurstaða læknaáðs í máli þessu sé í raun ekki álit læknaáðs, heldur sérfræðiálit Halldórs Jónssonar, sem hafi ekki skoðað stefnanda. Samkvæmt framansögðu hljóti álit þetta að víkja fyrir matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Kröfu stefnanda um miskabætur kveður stefndi allt of háa og í ósamræmi við dómvenju. Þegar jafnframt sé krafist örorkubóta, sé miski innifalinn í örorkumati lækna, og sé miskinn því í raun tvíkrfinn. Beri örorkumat með sér, að óþægindi stefnanda séu ekkert umfram hið venjulega, þegar um hálstognun sé að ræða. Bakóþægindi stefnanda stafi aðallega af hinum meðfædda sjúkdómi hans. Séu því engin skilyrði til hárri miskabóta. Þá beri að miða bætur við verðlag á slysdegi, enda vaxta krafist frá þeim tíma.

Varakröfu sína kveðst stefndi setja fram ex tuto. Beri við ákvörðun örorkutjóns, ef til komi, að gæta þess, að krafa um örorkubætur í formi vinnutekjutaps bætist ekki, meðan hennar gætir ekki í skertum tekjum. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, nú 41,34% samkvæmt gildandi skattkerfi, en bæturnar kæmu til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar. Hið sama gildi um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkvæmt dómvenju og draga svo frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, er stefnandi eigi rétt á sem ökumaður vélknúins ökutækis. Einnig eigi bætur frá vinnu-

veitanda og stefnda að koma til frádráttar og bætur úr atvinnuslysstryggingu.

Vaxtakröfum mótmælir stefndi sérstaklega, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms.

V.

Mál þetta er sótt af hálfu stefnanda til greiðslu skaðabóta fyrir líkams-tjón. Ágreiningur aðila snýst um bótafjárhæð og á hvaða forsendum hún skuli ákveðin. Í málinu liggur fyrir örorkumat þriggja lækna og matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, lækni og lögfræðings. Mat þetta er ekki samhljóða um varanlega læknisfræðilega örorku stefnanda. Læknarnir Atli Þór Ólason og Halldór Jónsson meta varanlega læknisfræðilega örorku 10%. Stefán Bogason metur hana 25%, og hinir dómkvöddu matsmenn meta hana 5%. Mismunur á mati þessu virðist umfram allt vera í því fölginn, að matsmönnum ber ekki saman um, hversu mikill þáttur í mati á læknisfræðilegri örorku eldra bakmeið stefnanda sé. Í málinu er ekki deilt um bótaábyrgð stefndu.

Til skamms tíma var mat á læknisfræðilegri örorku að jafnaði lagt til grundvallar ákvörðunar á tjóni viðkomandi aðila. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið einhlíft viðmiðun, þar sem ýmis atvik geta haft áhrif á niðurstöðu til hækkunar eða lækkunar bóta, en meginregla íslensks skaðabótaréttar er sú, að bótaskyldur aðili skuli bæta tjónþola allt það tjón, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir. Dómari sker hverju sinni úr um vægi sönnunargagna samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Almennt verður litið svo á, að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi meira vægi sem sönnunargagn en vottorð lækni vegna þeirrar lögbundnu málsmeðferðar, sem matsmál sæta.

Í máli þessu er deilt um, hvort hryggrof, hryggjarliðarskrið, verkir í mjóbaki og ganglimum svo og dofi í fæti séu að einhverju eða öllu leyti afleiðingar umferðaróhapps 28. febrúar 1989.

Samkvæmt gögnum málsins og með skírskotun til málflutnings 2. febrúar 1996 voru einkenni stefnanda fyrst eftir slysið aðallega verkir í mjóbaki og hægra ganglim, en frá því í apríl 1990 seyðingsverkur í mjóbaki, verkur í vinstri ganglim og dofi í tveimur tám vinstra megin.

Samkvæmt örorkumati Stefáns Bogasonar tryggingalækni frá 11. desember 1991 var hryggjarliðarrofið talið meðfætt. Aftur á móti var álitid líklegt, að hryggjarliðarskriðið stafaði af slysinu og ylli þrýstingi á taugarætur með einkennum því samfara. Tímabundin örorka var metin 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og varanleg 25%.

Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar bæklunarskurðlæknis frá 10. mars 1993 er starfsorkuskerðing metin 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og 10% varanleg.

Stefnandi hefur langa sögu um bakverki og veiklað mjóbak vegna rofs í boga 5. mjóhryggjarbols og skriðs á honum fram á við yfir 1. spjaldhryggjarbol. Við slysið kom hnykkur á mjóbak og tognun á mjóhrygg. Varanleg örorka miðast við tognun í baki.

Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Jóhann Tómasson og Davíð Þór Björgvinsson dósent, skiluðu matsgerð 2. október 1993. Samkvæmt niðurstöðum hennar var þáttur slyssins 28. febrúar 1989 í bakóþægindum stefnanda talinn lítill. Tímabundin örorka var metin 100% í fimm vikur, 50% í tvo mánuði og varanleg 5%. Tímabundin fjárhagsleg örorka vegna slyssins var metin 100% í fimm vikur, 25% í tvo mánuði og varanleg 4% að meðaltali.

Réttarmáladeild lækna ráðs var spurð álits í málinu. Gerði deildin álit Halldórs Jónssonar bæklunarskurðlæknis að sínu, en hann taldi örorku stefnanda eftir umferðaróhappið 28. febrúar 1989 vera 10% og að ekki væri hægt að skipta henni á milli þess ástands, sem var í baki stefnanda fyrir slys, og þess áverka, sem hann hlaut við umferðaróhappið.

Telja verður sannað af gögnum málsins, að stefnandi hafi verið með hryggrof og hryggjarliðarskrið fyrir slysið 1989. Röntgenmyndir frá 1975 og 1983 sýna það glögg. Engin aukning á skriði verður á þessum átta árum. Liðþófahæð helst óbreytt, og verður ástandið því að teljast stöðugt. Talið er, að 25% þeirra, sem hafa hryggrof án skriðs, hafi einkenni frá mjóbaki vegna þess, og má vel skýra einkenni stefnanda út frá því fram til þess tíma. Myndir teknar 1990 sýna skriðaukningu 4 mm – 10 mm og liðþófalækkun 8 mm – 4 mm, en auk þess sjást slitbreytingar milli L 4-L 5 og L 5-S 1. Skriðaukning og slit í mjóbaki skýrir vel einkenni stefnanda nú.

Hryggrof / spondylolysis er ekki sannanlega meðfæddur galli, heldur talinn vera áunninn. Rof kemur í pars interarticularis á uppvaxtarárum, og eru ástæður taldar álag á þennan hluta hryggjarliðarins, venjulega langvarandi álag, sem leiðir til sprungumyndunar, er nær ekki að gróa, og sjaldnar ákveðið álag, sem veldur broti og samfara því bráðaeinkennum með verk og hreyfiskerðingu. Hryggrof veldur auknu álagi á næsta liðþófa fyrir neðan og facett-liði fyrir ofan, og auk þess fá sumir einstaklingar hryggjarliðarskrið. Hryggjarskrið eykst á vaxtarárum fram til tvítugs og getur síðan aukist að nýju við slit, það er lækkun á liðþófahæð. Vegna aukins álags á liðþófan fyrir neðan í einstaklingum með hryggrof koma slitbreytingar með skriði fyrr en í heilbrigðu fólki (35 - 45 ára).

Sjúkraskýrslur frá Heilsugæslustöð Vestmannaeyja sýna glögg, að stefnandi hefur í mörg ár verið slæmur í mjóbaki. Hann leitar þangað a. m. k. níu sinnum vegna mjóbaksverkja (lumbago) eða útleiðsluverkja (ischias). Tíðnin eykst 1987, og verkir niður í hægri ganglim versna. Hann verður síðan fyrir hnykk á baki 23. júní 1988.

Stefnandi er því með veiklað bak, þegar hann lendir í umferðarslysnu 28. febrúar 1989. Við slysið fær hann hnykk og næstu daga á eftir vaxandi verki og útleiðslu niður í hægri ganglim. Tíu dögum síðar er hann lagður inn á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Hann jafnar sig fljótt og er útskrifaður eftir átta daga í frekari sjúkrahjálfun. Fimm vikum eftir slys er hann kominn í fulla vinnu, og í lok apríl 1989 er hann brautskráður frá sjúkrahjálfa verkjalaus.

Í apríl 1990 hefjast síðan núverandi einkenni með verkjum niður í vinstri ganglim, doða í tám, þreytuverkjum í mjóbaki og minnkuðu þreki.

Við áverkann 1989 er stefnandi 35 ára með þekkt hrygggrof og hryggskrið upp á 4 mm frá 1983. Telja verður líklegt, að einkennum frá baki 1987 og 1988 komi frá vaxandi breytingum í mjóbaki stefnanda. Ekki verður fram hjá því litið, að einkennum stefnanda versnuðu eftir slys 1989, og hugsanlega kann hryggjarliðarþófinn milli 5. lendhryggjarbols og 1. spjaldhryggjarbols að hafa skaðast og af því hlotist smám saman aukið skrið, sem aftur eykur slit á liðbrúnum og facett-liðum. Umferðarslysið í febrúar 1989 var minni háttar og bakþægindin sennilega afleiðing hnykks og tognunar. Ósennilegt er, að hryggjarliðarskriðið hafi aukist þá. Ef það hefði gerst, hefði mátt búast við meiri einkennum, bæði meiri sársauka og meiri staðbundnum eymslum. Það er almennt læknisfræðilegt viðhorf, að skrið af þessu tagi verði sjaldan rakið til einstakra atvika eins og slyss. Ekki er heldur sannað, að við slysið hafi komið fram taugarótareinkennum. Stefnandi var frá vinnu frá 28. febrúar 1989 til 3. apríl 1989. Í apríl 1990 fær stefnandi að nýju einkennum; verk í mjóbaki og verk í vinstra ganglim og síðar dofa í tvær tær á vinstra fæti. Ekki er óhugsandi, að einkennum þessi verði að einhverju leyti rakin til slyssins árið áður.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telur dómurinn, að taka beri tillit til þess skaða, sem stefndi sannanlega hafði í baki, áður en hann lenti í umræddu slysi, og þykir því rétt að staðfesta niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna um, að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda sé 5% vegna slyssins 28. febrúar 1989.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til hinnar læknisfræðilegu örorku og lagt til grundvallar, að hundradshluti tekjutaps sé hinn sami og læknisfræðileg ör-

orka. Eins og mál þetta er vaxið, eru ekki forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur þrisvar reiknað út ætlað tjón stefnanda, 31. janúar 1992, 17. desember 1993 og 14. desember 1995. Í útreikningi sínum frá 14. desember 1995 reiknar hann m. a. út örorkutjón stefnanda miðað við 4,5% framtíðarvexti og 5% örorku, höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps miðað við slysdag 1.261.800 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 6% af höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 75.700 kr. Miðað við 6% framtíðarvexti er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 1.089.300 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 65.400 kr. Við útreikning höfuðstólsverðmætis miðar hann við, að fram að útreikningsdegi, 14. desember 1995, séu notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags séu 22,24%. Eftir útreikningsdag séu notaðir ýmist 4,5% eða 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fari eftir reynslu árána 1976 til 1980, og líkur fyrir missi starfsreynslu árána 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki sé tekið tillit til skatta.

Samkvæmt dómvenju þykir rétt, að bætur til stefnda vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Að þessu virtu og þegar litið er til læknisfræðilegrar örorku, útreiknings tryggingafræðings og tapaðra lífeyrisréttinda, þykja bætur vegna varanlegrar örorku hæfilegar 1.000.000 kr.

Stefndu kveða matsgerð taka tillit til miska, og því sé rangt að ákveða stefnanda miskabætur sérstaklega, því að þá sé verið að bæta sama tjónið tvisvar. Ekki verður fallist á það með stefnda, að miski sé innifalinn í örorkumati, og því eigi stefnandi ekki rétt á að fá bætur fyrir miska. Þykja bætur vegna miska hæfilega metnar 300.000 kr.

Hinir dómkvöddu matsmenn mátu tímabundna örorku stefnanda 100% í fimm vikur og 50% í tvo mánuði. Stefnandi hefur sjálfur lýst yfir, að hann hafi aldrei verið launalaus og fengið full laun í fjórar vikur. Með hliðsjón af þessu og útreikningi Jóns Erlings frá 14. desember 1995 þykja bætur vegna tímabundinnar örorku hæfilega metnar 125.000 kr. Stefndi hefur greitt 125.000 kr. inn á kröfu stefnanda, og telst því tjón vegna tímabundinnar örorku að fullu bætt.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaðan sú, að stefndi skal greiða stefnanda bætur, samtals 1.300.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987, eins og í dómsorði greinir, frá 28. febrúar 1989 til 23. febrúar 1996. Með vísan til 15. gr. laga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir reiknaðir af kröfu stefnanda frá deginum í dag til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Greta Baldursdóttir, settur héraðsdómari, og meðdómsmennirnir Ásgeir B. Ellertsson yfirlæknir og Ríkarður Sigfússon bæklunarskurðlæknir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands, greiði stefnanda, Halldóri Bjarnasyni, 1.300.000 kr. með 8% ársvöxtum frá 28. febrúar 1989 til 1. mars 1989, 10% frá þ. d. til 21. mars s. á., 13% frá þ. d. til 11. apríl s. á., 15% frá þ. d. til 11. júní s. á., 17% frá þ. d. til 21. júlí s. á., 12% frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 10% frá þ. d. til 1. sept. s. á., 6% frá þ. d. til 21. sept. s. á., 8% frá þ. d. til 21. október s. á., 9% frá þ. d. til 1. nóvember s. á., 11% frá þ. d. til 1. janúar 1990, 9% frá þ. d. til 21. janúar s. á., 7% frá þ. d. til 1. mars s. á., 5% frá þ. d. til 1. apríl s. á., 3% frá þ. d. til 1. október s. á., 2,5% frá þ. d. til 1. janúar 1991, með 3,5% frá þ. d. til 21. janúar s. á., 5% frá þ. d. til 1. júní s. á., 6% frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 7% frá þ. d. til 11. október s. á., 4% frá þ. d. til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þ. d. til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þ. d. til 1. desember s. á., en 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992 og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 23. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.